

Grunndeild rafiðna í dreifnámi

Í fyrsta skipti í Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum verður boðið upp á grunndeild rafiðna í dreifinámi (lotubundnu) haustið 2023. Framboð af slíku grunnnámi í rafiðnum hefur verið mjög takmarkað á Íslandi og er því um einstakt og spennandi tækifæri að ræða fyrir alla þá sem hafa áhuga á að mennta sig á sviði rafiðnar.

Hvað er grunndeild rafiðna?

Nám í rafiðnum telst til verknáms og flest verknám á Íslandi fer fram með blönduðum hætti, þ.e. bóklegum hluta og verklegum hluta. Þeim er blandað saman með þeim hætti sem skilar námsefninu best til nemandans. Nemandinn fær þá bæði fræðilega og verklega þekkingu á efninu, ásamt verkreynslu á helstu þáttum rafiðnaðarins.

Nám í rafiðngreinum hefst með grunndeild rafiðna. Með eðlilegri námsframvindu tekur tvö ár að ljúka grunndeildinni og skilar það nemendum með hæfni á hæfniprepi 2. Tilgangurinn með grunndeildinni er að vera öflugt fornám fyrir frekara fagnám í löggildum rafiðngreinum. Nemendur fá viðamikla þjálfun á sem flestum sviðum rafiðngreina og er þeim ætlað að ljúka námi í grunndeild rafiðna með almenna og öflugra þekkingu í rafmagnsfræði og rafeindatækni. Eftir nám í grunndeild eiga nemendur að vera orðnir færir um að geta tekist á við þær auknu kröfur sem áframhaldandi fagnám mun krefjast af þeim.

Þegar kemur að almennri námshæfni að lokinni grunndeild eiga nemendur að geta tekist á við frekara nám í tæknigreinum, s.s. rafiðngreinum, geta nýtt sér mismunandi tækni í þekkingarleit til þess að afla sér gagna og flokka þau, hafa skapandi hugsun, geta sýnt frumkvæði ásamt því að geta miðlað hæfni sinni á mismunandi vegu.

Hvernig er grunndeild rafiðna í lotubundnu dreifinámi í FÍV öðruvísi?

Gert er ráð fyrir að grunndeild rafiðna í dreifinámi í FÍV taki í heildina 3 ár og þá útskrifast nemendur með rétt á að sækja í frekara fagnám á sviðinu, s.s. rafvirkjun, rafeindavirkjun, rafvélavirkjun eða rafveituvirkjun.

Nemendur þurfa ekki að mæta daglega í faggreinarnar, en þeim stendur það auðvitað til boða ef einhver kys að nýta sér það. Kennarar verða til taks.

Öll bókleg kennsla fer fram með myndbandskenndu á netinu og allt bóklegt námsmat fer fram á Innu. Nemendur geta því sinnt bóklega hlutanum eftir hentugleika, innan þess ramma sem hverjum efnisþætti er gefinn.

Öll verkleg kennsla fer fram í 3-4 daga lotum, þrisvar á önn. Nemendur mæta þá í FÍV og vinna saman að öllum þeim verklegu þáttum sem snúa að námsefninu hverju sinni. Því er um einskona lotubundið fjarnám að ræða.

Hvernig er dreifinámið uppbyggt?

Hjá FÍV er grunndeild rafiðna byggð upp á m.a. eftirfarandi faggreinum:

- Rafmagnsfræði 1, 2, 3 og 4
- Tölvu- og nettækni 1, 2, 3 og 4
- Raflagnir 1, 2, 3 og 4
- Stýritækni 1, 2 og 3
- Verktækni grunnnáms 1, 2 og 3
- Rafeindatækni 1 og 2

Eins og kom fram er gert ráð fyrir að námið dreifist á þrjú ár, og það er með eftirfarandi hætti:

GRUNNNÁM RAFIÐNA - Dreifnám

	Önn 1 (Haust)	Önn 2 (Vor)	Önn 3 (Haust)	Önn 4 (Vor)	Önn 5 (Haust)	Önn 6 (vor)	
Faggreinar	RAFM1GA05	RAFM2GB05	REIT2GA04	RAFM2GC05	REIT2GB04	RAFM3GD05	77
	RAFL1GA03	TNTÆ2GB04	RAFL1GB03	RAFL2GC03	STÝT2GC04	RAFL2GD03	
	TNTÆ1GA04	STÝT2GB04	VGRT1GA03	VGRT2GB03	VGRT2GC03	TNTÆ2GD04	
	STÝT1GA04				TNTÆ2GC04		
Einingar	16		18	23		23	
Almennar greinar	ÍÐRÓ1LH01	STÆR2BR05	ÍSLE2RL05	ENSK2LM05	ÍÐRÓ1LH01	SKYN2HJ02	29
	UPPT1GR03		ÍÐRÓ1HL02		LÍFS1VB05		
Einingar	4	5	7	5	6	2	
Val		MLSU1VA03	STÆR2FF05	SMÍÐ1VB04	DANS2TL05	ÍSLE2RM05	14
		SMÍÐ1VA04		MLSU2VB04		ENSK2TM05	
Einingar alls							120 ein.

Nemendur sem stefna á að útskrifast úr grunndeild rafiðna þurfa að auki að klára ofangreindar almennar greinar ásamt nokkrum val-áföngum. Frekari upplýsingar um þær má nálgast á skrifstofu skólans.

Hvað ertu að fara læra?

Nemendur við grunndeild rafiðna í FÍV læra m.a.:

- að smíða og viðhalda almennum rafkerfum og sinna helstu íhlutum þeirra
- á margvíslega hegðun rafmagns, m.a. með rafrásarsmíði og mælingum
- að smíða tölvur
- á grunnþætti forritunar
- að forrita örtölvur og iðntölvur
- að smíða stýringar
- á rökrásir
- að smíða rafeindarásir og viðhalda þeim og sinna helstu íhlutum þeirra
- á margvíslega hegðun rafeindaíhluta, m.a. með rásarsmíði og mælingum

Stefnir þú á háskólanám?

Eins og kom fram hér að ofan er grunndeild rafiðna forsenda frekara rafiðnnáms. Það er þó ekki skilyrði fyrir útskrifaða nemendur að fara í frekara nám tengt rafiðnaði.

Með stúdentsprófi er grunndeild rafiðna m.a. frábær grunnur fyrir

- Rafmagns- og tölvuverkfræði
- Raftæknifræði
- Tölvunarfræði
- Vélaverkfræði